

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 191/2021, um takmörkun á skólastarfi vegna farsóttar.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4., 5., 6. og 7. gr. er staðnám, sem og félagsstarf og önnur starfsemi sem fellur undir framangreind ákvæði, óheimilt í grunnskólum, tónlistarskólum, framhaldsskólum og háskólum frá 25. til og með 31. mars 2021.

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Leikskólum er heimilt, samkvæmt nánari ákvörðun sveitarfélaga, að halda uppi skólastarfi í skólabyggingum með 2 metra nálægðartakmörkum milli starfsfólks. Sé ekki unnt að tryggja 2 metra nálægðartakmörkun milli starfsfólks innandyra skal það nota andlitsgrímur. Starfsfólki ber ekki skylda til að nota andlitsgrímur í samskiptum við leikskólabörn. Ekki skulu vera fleiri en 10 fullorðnir einstaklingar í hverju rými. Fjölda- og nálægðartakmarkanir taka ekki til barna á leikskólaaldri.

Foreldrar og aðstandendur skulu almennt ekki koma inn í skólabyggingar nema brýna nauðsyn beri til. Viðvera foreldra sem dvelja inni á leikskóla vegna aðlögunar skal skipulögð þannig að þeir þurfi ekki að nota hreinlætis- eða mataraðstöðu í byggingunni og skulu þeir gæta að minnst 2 metra nálægðartakmörkun jafnt sín á milli sem og gagnvart starfsfólki. Aðeins eitt foreldri fylgi barni í aðlögun og skal það vera sama foreldrið sem fylgir barninu allt aðlögunartímabilið.

Stjórnendum leikskóla er heimilt að krefja foreldra um að nota andlitsgrímur þar sem ekki er unnt að gæta að 2 metra nálægðartakmörkun.

Aðrir en starfsmenn sem koma inn á leikskóla, svo sem starfsfólk skólaþjónustu sveitarfélaga og vegna vöruflutninga, skulu gæta að 2 metra nálægðartakmörkun og bera andlitsgrímur.

Ráðstafanir skulu gerðar til að þrifa og sótthreinsa byggingar eftir hvern dag.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, tekur gildi 25. mars 2021 og gildir til og með 31. mars 2021.

Heilbrigðisráðuneytinu, 24. mars 2021.

F. h. r.

Ásta Valdimarsdóttir.

Ásthildur Knútsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.